



Fundarstaður: Végarður kl. 16:00.

Á fundinn mættu frá samfélagsnefnd; Jóhann F. Þórhallsson oddviti, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Þórhallur Jóhannsson var í fjarfundi. Frá sveitarstjórn auk Jóhanns og Lárusar, Gunnþórunn Ingólfsdóttir og Eiríkur J. Kjerúlf sem kom inn á fundinn kl. 17:40. Anna Jóna Árnarsdóttir fjarverandi. Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri og Helgi Gíslason sveitarstjóri sátu einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Staða verkefna
2. Áherslur samfélagsnefndar til sveitarstjórnar
3. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna á þennan þriðja sameiginlega fund sveitarstjórnar og samfélagsnefndar á árinu. Haldið til dagskrár.

1. Staða verkefna

Verkefnastjóri fór yfir stöðu áhersluverkefna ársins 2021 með kynningu á glærum. Umræður um einstök verkefni.

Oddviti hvatti einstaklinga til að tjá sig um verkefnin innan Fagrar framtíðar í Fljótsdal, virkni gagnvart verkefnunum og samskiptum við verkefnastjóra.

- Umræða um notkun samfélagsmiðla og miðlun fréttu til þeirra sem ekki eru netvæddir.
- Það þarf að fara að taka ákvörðun um verkefnið og mögulega forsendur fyrir framhaldi þess.
- Framtíð sveitarfélagsins ögn rædd og mikilvægi þess að fara að taka þá umræðu.
- Komið inn á að áhugavert væri að auka enn frekar viðveru verkefnastjóra í Fljótsdal.
- Ferskur blær hefur komið með nýbúum sem áhugavert er að virkja með sem og að fá fleiri til að vera virkari af íbúum.
- Ánægjulegt að sjá umfjallanir um uppganginn í Fljótsdalinn í fjölmiðlum.
- Umsóknir í verkefni sem hafa fengið styrk úr Samfélagssjóði hafa illa skilað sér áfram í Uppbyggingasjóð Austurlands, sem væri mjög eðlilegur farvegur.
- Umræða um störf verkefnastjóra gagnvart umsóknum í Samfélagssjóðs og aðra sjóði. Verkefnastjóri minnti á að hún er boðin og búin að ræða hugmyndir, aðstoða við að ramma inn verkefni og lesa yfir umsóknir óháð því í hvaða sjóð er verið að sækja. Áhersla lögð á að veita þjónustu miðað við að aðilar geti verið nokkuð sjálfbjarga og að allir hafi jöfn tækifæri á að senda inn umsóknir í Samfélagssjóðinn.

2. Áherslur samfélagsnefndar til sveitarstjórnar

Verkefnastjóri sýndi lista yfir áhersluatriði frá Samfélagsnefnd og verkefnastjóra, sem byggja á niðurstöðum Samfélagsþings í október 2021, og sem send voru til sveitarstjórnar vegna umræðu um fjárhagsáætlun 2022.

Sveitarstjórn mun taka fjárhagsáætlunina til lokaafgreiðslu á morgun 7. desember.

3. Önnur mál.

- Sveitarstjóri óskað eftir mótun verkefnis um listsköpun við Hengifoss og við Végarð. Nokkur umræða um málið.

Næsti fundur samfélagsnefndar áætlaður í janúar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:45

ÁHBj ritaði

NB. Því næst var haldið í kvöldverð með íbúum í stóra salnum í Végarði þar sem um 20 manns mættu til að snæða veitingar frá Elísabeti Þorsteinsdóttur. En, þetta kvöld sá hún um að leysa af Vigdís Helgadóttur sem hefur séð um fimmtudagshádegisverði og kvöldmáltíðir annan hvern mánudag frá því í október 2021.